

Skötu- og pizzuveislan 2005

Þorláksmessudag kl. 11.00 – 22.00

Það er komin hefð fyrir því að haldin er skötuveisla í golfskálanum á Þorláksmessudag. Viðbrögðin undanfarin ár hafa verið afar jákvæð og því er ætlunin að endurtaka leikinn.

Á Þorláksmessudag verður opið frá kl. 11.00 til 22.00. Verð á mann í skötuahlaðborðið er **1.250 kr.** m.v. 15 ára og eldri, frítt fyrir 14 ára og yngri og veittur er 10% afsláttur fyrir eldri borgara og öryrkja.

Garðyrkjustöðin Melar 25. ára.

Kæru sveitungar.

Garðyrkjustöðin Melar nú Íslenskt grænmeti ehf. er 25 ára um þessar mundir og viljum við því bjóða ykkur að fagna þessum merku tímamótum með okkur fjölskyldunni.

Laugardaginn 10 des milli kl 16-19 munum við hafa opið hús þar sem boðið verður upp á léttar veitingar.

Vonum við að sem flestir sjái sér fært um að koma og samgledjast okkur.

Kv. Helga og Gussi.



*Skrifstofa Hrunamannahrepps
Opnunartími hreppsskrifstofu um hátíðarnar:*



*Þorláksmessa opið frá kl. 9.00 til 12.00
Aðfangadagur lokað
Hefðbundinn opnunartími aðra virka daga
Frá kl. 09:00-12:00 og 13:00-16:00.
Gleðileg jól.*



Pési

188. töl. 15. árgangur

Desember..2005

Ritstjóri: Ísólfur Gylfi Pálmason

www.hrunamannahreppur.is

Útgefandi: Hrunamannahreppur

Netfang: pesi@fludir.is

Sími: 480 6600

Framkvæmdum við nýja vatnslögn miðar vel áfram.

Mjög vel gengur við lagningu nýrrar vatnslagnar úr Blálækjum í Fagradal. Einar Harðarson sér um að sjóða leiðsluna saman með aðstoð Sólbergs Viðarssonar og fleiri góðra manna. Í verkáætlun var gert ráð fyrir að lagningu myndi ljúka í apríl á næsta ári. Hins vegar bendir allt til þess að verkinu ljúki mun fyrr. Í síðustu viku var vatni hleypt á leiðsluna á Hrunavöllum. Þó að kostnaður sé mikill við neysluvatnsöflun í Hrunamannahreppi er ljóst að hér er ekki einungis um afar þarfa og alveg nauðsynlega framkvæmd að ræða. Hins vegar verða menn að gera sér grein fyrir því að það er nauðsynlegt að hækka gjaldskrá veitunnar til þess að standa undir kostnaði. Það gerist hins vegar í áföngum..Enn er ekki ljóst hvort jöfnunarsjóður sveitarfélaga styrki framtakið.



Efnisyfirlit.

Hátíð fer að höndum ein Forystugrein sveitarstjóra.

Fréttir úr Hrunamannahreppi

Tilkynningar

Auglýsingar

Næsti Pési kemur út:

13. jan

Skilafrestur á efni:

10.jan

**Sundlaugin á Flúðum:
Opnunartími um hátíðarnar:
Mánudaga til föstudaga**

17:00-21:30

Laugardaga og sunnudaga

13:00-18:00.

**Dagana 23,24,25,26,30,31. des
og 1.jan. 2006**

er sundlaugin lokað

Hátíð fer að höndum ein!

Aðventan er tími undirbúnings og tilhlökkunar barnanna og vonandi sem flestra fyrir jólonum. Hér í sveitinni er margt gert til þess að minna okkur á jólin. Það gerir m.a. presturinn okkar og sóknarnefndir. Það gerist í skólunum okkar leikskólanum og grunnskólanum, einnig eru eldri borgarar duglegir við að fönðra og koma saman. Fyrir utan það að einstaklingar prýða hýbýli sín með ljósum og allt er gert til þess að skapa hina réttu stemningu. Fyrsta sunnudag í aðventu voru skemmtilegir jólatónleikar í Skálholti þar sem fram komu Karlakór Hreppamanna, ungir drengir úr Flúðaskóla og einsöngvarinn Magnea Gunnarsdóttir. Sr. Eiríkur Jóhannsson flutti eftirminnilega hugvekjju og tengdi saman kórstarf og hið daglega líf um leið og hann tengdi þetta sögunni, en á Skálholtsstað er sagan ríkur þáttur. Hefðbundið aðventukvöld var í Félagsheimili Hrunamanna s.l. sunnudag. Þetta er sameiginleg samkoma sóknanna okkar í Hruna- og Hrepphólaprestakalli. Á sama hátt var sú samkoma notaleg og skemmtileg. Sr. Gunnar Björnsson flutti skemmtilega og fróðlega hugvekjju þar sem hann gerði tímann að umræðuefni og hve nauðsynlegt væri að nota tímann vel ekki síst með okkar nánustu, því tíminn flýgur svo hratt og áður en við er litið eru litlu börnin okkar orðin að fulltíða manneskjum. Einnig lék Gunnar á selló en þar er hann, eins og í prestskapnum, svo sannarlega á heimavelli. Á aðventukvöldinu komu fram Karlakór Hreppamanna, Kirkjukór sóknanna og Kór Flúðaskóla og enn voru Edit Molnar og Miklos Dalmay í fararbroddi. Miklos lék einnig undir einleik sr. Gunnars. Allt þetta skapar jólastemningu og vekur okkur til umhugsunar um það hve gefandi og skemmtilegt er að fá að vera þátttakandi í samverustundum sem þessum en ekki bara þiggjandi. Í samfélagi okkar skiptir hver og einn einstaklingur máli, við eigum að láta okkur umhverfið varða og við getum verið þakklát því fólki sem leggur á sig mikla vinnu við undirbúning samverustunda sem þessara. Um leið hafa samkomurnar mikið uppeldislegt gildi fyrir það unga fólk sem tekur þátt í þeim og kemur fram. Framundan eru litlu jól í leikskóla og Flúðaskóla. Sveitarstjóri, hreppsnefnd og starfsfólk Hrunamannahrepps óskar öllum íbúum hreppsins gleðilegra jóla og gæfuríks nýs árs.

Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri.

Leikskólafréttir

Leikskólinn er kominn í jólabúning, piparkökuilmurinn dreifir sér um allt hús, jólaljós og ýmsar skreytingar eru farnar að þekja glugga og veggi. Börnin hafa verið önnur kafin við að búa til jólagjafir, syngja og baka piparkökur með foreldrum og kennurum. Foreldrafélagið gaf leikskólanum íslenska fánann og var hann dreginn að húni 1. desember á sjálfum fullveldisdeginum og sungið Öxar við ána, sendum foreldrafélaginu okkar bestu þakkir fyrir.

Kveikt var á jólaljósum á jólatrénu sem foreldrafélagið gaf okkur í fyrra og sungin jólalög. Sama dag stóð foreldrafélagið fyrir leiksýningunni Pönnukakan hennar Grýlu og var 1. bekk Flúðaskóla boðið að vera með. Sýningin var skemmtileg og einkar lifandi í flutningi Björgvins Frans Gíslasonar.

Leikskólabörn heimsækja Heimaland 13. desember kl. 14.00.

Litlu jólin verða 20. desember og byrjar jólaballið kl. 13.00. Góðir gestir koma og troða upp.

Leikskólanefnd hefur samþykkt að leikskólanum verði lokað milli jóla- og nýárs, svo hægt verði að setja upp hljóðeinangrunarplötur. Mikil hávaðamengun er í leikskólanum og þarf að bæta úr sem fyrst.

Leikskólinn opnar aftur 2. janúar 2006.

Samþykkt hefur verið að hækka leikskólagjöld um 3% frá 1. janúar 2006.

Við sendum foreldrum og öðrum velunnurum okkar bestu jóla og nýárskveðjur og þökkum samstarfið á árinu sem er að líða.

Starfsfólk leikskólans

VIOLA snyrtistofa á Flúðum
Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

Andlitsbað
Húðhreinsun
Litun og plokkun
Handsnyrting
Fótsnyrting
Förðun
Vaxmeðferðir

Tímamantanir í síma 566-8342
og 897-3741(Hlíf)



Hár-Hrun

Verðum í Félagsheimili Hrunamanna
föstudagana 13.jan, 27..jan
Pantið tímanlega.

Tímamantanir í síma:
486-6001 Sigrún og 486-5535 Inga Birna.
Einnig á hársnyrtidegi 893-6084 og 899-9665.
Minni einnig á Hárgreiðslustofuna í Árnesi
Sími 893-6084

Íþróttahúsið á Flúðum—tækjasalur. Opnunartími.

Mánudaga til fimmtudaga 15:30-21:00
Föstudaga 13:00-20:00
Laugardaga Lokað
Sunnudaga 15:30-20:00
23.des, 26.des og 1. jan 2006 er LOKAÐ

Fréttir frá skrifstofu Hrunamannahrepps

Kór Flúðaskóla syngur með Sinfóníuhljómsveitinni!

Kór Flúðaskóla kemur til með að syngja með Sinfóníuhljómsveit Íslands á jólatónleikum laugardaginn 17. desember n.k. Eftir velheppnaða tónleika, þegar að Sinfóníuhljómsveitin heimsóttir okkur í vor, var Edit beðin um að finna ný jólalög fyrir jólatónleika hljómsveitarinnar og undirbúa barnakór. Með Kór Flúðaskóla syngja einnig Barnakórar Selfosskirkju. Þetta er mikill heiður fyrir kórana og það góða starf sem þar fer fram undir stjórn Editar Molnar. Um leið og við óskum kórnum og stjórnandanum til hamingju með þá virðingu sem í þessu felst, óskum við þeim einnig gæfu og gengis. Um tvenna tónleika er að ræða, sem verða kl 14:00 og kl 17:00. Til gamans má geta þess að eigendur Hótel Flúða hafa ákveðið að styrkja kórinn til þessarar ferðar, en auðvitað kostar það mikla peninga og fyrirhöfn bæði fyrir stjórnendur, börnin og foreldra að taka þátt í athöfn sem þessari. Hins vegar skilar starf sem þetta sér þegar til framtíðar er litið.

Alþjóðlegt kvöld á Hótel Flúðum

Það var alþjóðleg stemning þegar hið árlega Beaujolais Nouveau kvöld var haldið á Hótel Flúðum 17. nóvember s.l. Þetta sama kvöld smakka milljónir manna á fyrstu uppskeru rauðvins frá Frakklandi. Að þessu sinni hittist þannig á að aðalsmenn úr Árnesþingi skáluðu í þessu sama víni á Kúbu svo dæmi sé tekið um hve útbreiddur þessi siður er um heiminn. Þau sæmdarhjón Margrét og Guðmundur hótelsstjórar á Flúðum standa fyrir þessari samkomu. Þau hafa margt á þrjónunum þessa dagana. Þeirra vinsælu jólahlaðborð eru í fullum gangi um helgar og eru vel sótt. Þá halda þau áfram þeim góða sið að bjóða eldri borgurum til jólaveislu en það gerðu þau einmitt s.l. þriðjudag. Þau eiga þakkir skilið fyrir þessa hugulsemi sem og styrkinn til Kórs Flúðaskóla. Vonandi gengur rekstur hótelsins áfram vel.



Guðrún hannar kjól á fegurðardrottningu.

Guðrún Guðjónsdóttir frá Melum er að læra fatahönnun. Hún nemur m.a. hjá Eggert feldskera sem er einn flinkasti íslendingurinn í að sauma og hanna úr skinni. Á dögnum tók Guðrún þátt í að hanna, mjög fallegan kjól úr lambskinni, sem Unnur Birna Vilhjálmisdóttir, ungfrú Ísland, mun m.a. nota þegar hún keppir í Miss World keppninni, sem fer einmitt fram í Kína þessa dagana. Guðrún saumaði einnig kjólinn. Það er vissulega skemmtilegt þegar ungt fólk er að finna sig í námi og starfi. Nú er spurningin hvort Guðrún verði búin að hanna búning á foreldra sína þegar þau halda uppá 25 ára afmæli fyrirtækis síns um næstu helgi.

Hátíðahöld á Melum

Stórbændurnir þau Helga Karlsdóttir og Guðjón Birgisson verða með opið hús í hinum myndarlegu húsakynnum sínum á Melum í tilefni 25 ára afmælis garðyrkjustöðvarinnar. Já “tíminn líður áfram og hann teygir sig á eftir mér” söng Megas forðum. Þeir sem hafa óbrigðult minni, og sitja stundum í heita pottinum í lauginni, hafa talað um að þeim finnist eins og Melahjónin hefðu byrjað framleiðslu garðávaxta fyrir svo ótrúlega stuttum tíma. Staðreyndin er önnur, kvartöld er liðin. Garðyrkjustöðin á Melum var fyrst allra garðyrkjustöðva til þess að vetrarlýsa framleiðslu á tómtum og eru 10 ár liðin frá því að vetrarlýsing hófst. Nú má í raun segja að um heilsárslýsingu sé að ræða. 14 ársverk eru í stöðinni og er þetta ein allra stærsta garðyrkjustöð landsins. Framleiðslan eru um 300 tonn af tómtum á ársgrundvelli. Fyrir utan fjölmargar nýjungar sem þau hafa innleitt í framleiðslu á grænmeti sem þau rækta bæði inni og úti. Við óskum þeim hjónum og fjölskyldu þeirra gæfu og gengis. Óhætt er að mæla með framleiðslunni frá Melum og við erum stolt af því hve myndarlega þau standa að framleiðslunni með snyrtimennsku og jákvæðni og frábærri vöru.

Útboð gatna og lagna í Austurhofi.

Á dögnum var ákveðið á hreppsnefndarfundum að hafa lokað útboð vegna gatnagerðar í Austurhofi, sem er nýtt hverfi ofan við Sunnuhlíð. Þrjú fyrirtæki hafa fengið útboðsgögn en þau eru Fögrusteinar ehf., Gröfutækni ehf. og Nesity ehf. Útboð verða opnuð mánudaginn 12. desember n.k. kl. 13.00 í ráðhúsinu á Flúðum.

Okkur í fjáröflunarnefnd langar að þakka öllum þeim sem lögðu okkur lið á fjáröflunardegi Kvenfélagsins fyrsta sunnudag í aðventu. Einkum og sér í lagi langar okkur að þakka þeim fjölmörgu, bæði hér heima og heiman, sem styrktu okkur með gjöfum á bingíð og happdrættið og svo einnig þeim sem komu og nutu dagsins með okkur við spil og spjall. Fjáröflun sem þessi væri til lítils ef ekki nyti ykkar stuðnings.

Stuðningsbraut Flúðaskóla mun njóta góðs af. Hafið þökk. Fjáröflunarnefnd.

Frá barnaskemmtunarnefnd Kvenfélagsins. Hin árlega barnaskemmtun Kvenfélags Hrunamannahrepps verður miðvikudaginn 28. desember í Félagsheimili Hrunamanna og hefst samkoman kl. 15:00.

Dagskráin verður með svipuðu sniði og áður, söngur og dansað kringum jólatré. Kvenfélagið býður gestum upp á kaffi, safa og smákökur í lok skemmtunar og öll börn fá sælgætispoka með sér heim. Vonumst til að sjá sem flesta. Barnaskemmtunarnefndin.



Frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps.

Allt í einu eru jólin á næsta leyti og við í Kvenfélaginu erum farnar að undirbúa af ánægju þá þætti sem við komum að, varðandi jólin.

Fjáröflunarnefndin hélt sinn árlega fjáröflunardag 1. sunnudag í aðventu og var sá dagur okkur mikil gleði, þökk sé ykkur sem tókuð þátt og studduð við bakið á okkur. Námskeiðanefnd verður með jólafundinn sunnudaginn 11. desember og barnaskemmtunin verður haldin 28. desember.

Það er von okkar að allir sem vettlingi geta valdið, taki þátt í þessum samkomum okkar sem framundan eru með gleði og ánægju í sinni.

Að lokum langar okkur að senda ykkur öllum okkar bestu jóla- og nýárskeðjur með kærri þökk fyrir samvinnu og samveru á nær liðnu ári.

**Fyrir hönd allra kvenna í Kvenfélagi Hrunamannahrepps.
Stjórnin.**

Jólafundur Kvenfélags Hrunamannahrepps verður sunnudaginn 11. desember kl. 20:30 í Félagsheimili Hrunamanna.

Að venju verður pakkarugl og fleira skemmtilegt. Mætum vel og eigum saman ánægjulega kvöldstund á jólaföstunni.

Námskeiðanefndin

Áramótabrenna

Að vanda hefur Tómas Þórir Jónsson haldið eftir timbri til þess að nota í áramótabrennu sem verður á hefðbundnum stað í landi Sunnuhlíðar. Þetta er góður siður og sparar okkur í raun mikla peninga annars yrði timbrið keyrt í Ölfusið til urðunar. Frómir menn halda því fram að Áramótabrennan í Hrunamannahreppi sé stærsta áramótabrenna á Íslandi og þá er að vanda miðað við mannfjölda. Kveikt verður í brennunni kl. 20.30. Til þess að aðvara Hrunamenn þá mun Karlakór Hreppamanna ásamt fleiri kórum af Suðurlandi aðstoða Pál Magnússon, hinn nýja útvarpsstjóra í áramótaávarpinu, með því að hefja upp raust sína. Ekki er enn vitað hvort söngurinn verður í beinni útsendingu. Ef svo verður, verða drykkjarföng karlakórsmanna malt og appelsín þessi áramótin, enda bætir maltið meltinguna og gefur hraustlegt og gott útlit, þver öfugt við suma aðra drykki sem stundum eru hafðir um hönd við áramót.

Enn um nýju fjósin í Hreppnum

Þegar við höfum verið að ræða um öll nýju fjósin í Hrunamannahreppi gleymdist að segja frá því að í Tungufelli hjá bræðrunum Jóni Óla og Svan og tölvusnillingnum Elínu Jónu hefur einnig verið lyft Grettistaki í endurnýjun á fjósi. Það er ekki nóg með það þar er rekin kvígubanki sem þó er ekki talinn í alvarlegri samkeppni við Kb banka á Flúðum altént ekki enn að minnsta kosti. Sjálfsagt vantar enn eitthvað um umfjöllun mína um nýju fjósin eða endurbætur á gömlum fjósum og hvet ég til þess að einhverjir góðir menn fræði mig á hvaða framkvæmdir eru í gagni. Því að vonandi hafa þessi skrif eitthvert gildi þegar sagan verður skoðuð í framtíðinni.

Margrét sló körlunum ref fyrir rass!

Henni er ekki fisjað saman henni Margréti Runólfsdóttur. Hún er annálaður dugnaðarforkur og gerði sér lítið fyrir og sigraði í árlegri keppni um Kóngsbikarinn í briddsi. Þannig að konurnar eru í auknu mæli að slá okkur körlunum út á ólíklegustu sviðum. Einhver karlinn hafði að orði. “Ég vona bara að hún Margrét fari ekki að æfa golf”. Þetta var samt ekki hinn knái keppnismaður Karl Gunnlaugsson sem oftast allra hefur unnið Kóngsbikarinn og er farinn að pússa “dæferinn” fyrir vorið

Falleg jólakort og fleiri fjáröflunarleiðir

Við getum verið stolt af því hve blómlegt félagslíf er hér í hreppnum. Það kostar auðvitað mikla peninga að gera út ungmennafélög sem og önnur virk félög. Körfuknattleiksdeild ungmennafélagsins hefur gefið út falleg jólakort sem börnin hafa teiknað og selja. Hér er um enn eina skemmtilega og um leið praktíska leiða að ræða til þess að afla fjár fyrir starfsemi félagsins. Við hvetjum fólk til þess að styrkja gott mál-efni og kaupa þessi fallegu jólakort. Þá var einnig velheppnað jóla-bingó hjá Kvenfélagi Hrunamannahrepps á dögnum þar sem m.a. frá-
bærra vinninga var sprellumifandi grís. Þær bregðast aldrei kvenfélags-
konurnar í hreppnum.

“Auksjónin” í Efra-Seli

Í síðasta Pésa sögðu við frá fyrirhugaðri “Aksjon” eða “Auksjón” eins og Örn Einarsson segir að eigi að skrifa þetta útlenda orð. En þetta er í rauninni uppboð þar sem verið er að bjóða ýmsa hluti til sölu sem fellur í hendur hæstbjóðenda. Ljóst er að þetta gamla fyrirkomulag er enn í fullu gildi og í rauninni bæði þarft og skemmtilegt. Unnsteinn Eggertsson ferðabjónustubóndi var uppboðshaldarinn og tókst þetta með ólíkindum vel. 50% af innkomu rann til málefna eldri borgara eða um kr. 80.000 og verður upphæðin afhent innan skamms. Efra-Sels fólkinu er þakkað þetta frumkvæði og velvild í garð eldri borgara.

Sóknarhugur í sauðfj árbændum

Þeir bræður Magnús og Þorsteinn í Haukholtum eru líklega einir yngstu fjárændur þessa lands. Þeir hafa verið að gera fjárhús úr hlöð-
unni í Haukholtum og bæta og breyta. Þeir eru stórhuga menn og hafa tröllatru á sauðfj árræktinni. Í hönd fer mikill annatími hjá hrútunum í Haukholti sem og annarsstaðar á landinu. Þegar heimildamaður Pésans kom í heimsókn í fjárhúsin á dögnum var erfitt að hemja hrútana enda vel fóðraðir og til í tuskið. Það var sama hvort þeir voru ættaðir úr Norður-Þingeyjasýslunni eða úr Árnesþingi. Það er víðar jólahugur en í mannheimum.

Nuddstofa Elsu , óskar viðskiptavinum sínum
Gleðilegra jóla, og farsældar á nýju ári.
Þakka ánægjuleg viðskipti á liðnu ári.
Else Nielsen

Sorp verður tekið 28.-29.-30. desember eftir veðri.

Enginn sorphirða í fyrstu viku janúar.

Minni á gáma sem eru á eftirtöldum stöðum: Langholtsfjalli, Stóru-
Laxá, Grafarbakka, Reykjadal, Haukholtum, Ásabyggð, Svana-
byggð, Strax plani, Ferðamiðstöð og gáma svæði.

Jóla-veðja
Tómas Þórir

Tómas Þórir Jónsson, verktaki sendir Hrunamönnum og öllum
viðskiptavinum sínum jóla- og nýárskeðjur með þakklæti fyrir
samstarf og samvinnu á árinu.

Tómas Þórir Jónsson.

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **480 5300**
Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804

Frá föstudeginum 16. des hefst jólafrí hjá Knattspyrnudeild UMFH
Æfingar hefjast að nýju fimmtudaginn 5. jan 2006.

Sjáumst hress á nýju ári
Gleðileg jól
Heimir Þjálfari.

FLYTJANDI og **FLÚÐALEIÐ ehf.**

Ferðaáætlun í uppsveitir Árnese-sýslu

(Grímsnes, Laugardalur, Biskupstungur, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur)

Brottför frá Reykjavík (VM Flytjanda, Klettagörðum 15): alla virka daga kl:

13⁰⁰

Brottför frá Selfossi (Húsasmiðjunni, Byko og Flytjanda): alla virka daga kl:

14⁰⁰

Aukaferð farinn frá Reykjavík kl: 16⁰⁰ alla föstudaga.

Allar nánari upplýsingar gefur Pálmar á Flúðum.

Bílstjórar:

Pálmar: 892-2370 Stefan: 892-2371

Halldór: 892-2372

Heimasími: 486-6685 Fax: 486-6693

Netfang: fludaleid@simnet.is



KB BANKI

Hraðbankinn
er opinn allan sólarhringinn.

Afgreiðslutími á Flúðum:
mánudaga til föstudaga: 11:15-16:00
Viðtalstími bankastjóra á
miðvikudögum 13:30-15:45

Sími. **480-4700.**

Samkaup **strax**

Opnunartími Versl. Strax um hátíðarnar.

| | | |
|----------------------|-------------------|--------------------|
| Mánudagur | 19.12.2005 | 09:00-19:00 |
| Þriðjudagur | 20.12.2005 | 09:00-19:00 |
| Miðvikudagur | 21.12.2005 | 09:00-19:00 |
| Fimmtudagur | 22.12.2005 | 09:00-19:00 |
| Þorláksmessa | 23.12.2005 | 09:00-19:00 |
| Aðfangadagur | 24.12.2005 | 10:00-13:00 |
| Jóladagur | 25.12.2005 | Lokað |
| Annar í jólum | 26.12.2005 | Lokað |
| Þriðjudagur | 27.12.2005 | 09:00-19:00 |
| Miðvikudagur | 28.12.2005 | 09:00-19:00 |
| Fimmtudagur | 29.12.2005 | 09:00-19:00 |
| Föstudagur | 30.12.2005 | 09:00-19:00 |
| Gamlársdagur | 31.12.2005 | 09:00-13:00 |
| Nýársdagur | 01.01.2006 | Lokað |

"Jólapóstkassinn" er á sínum stað í versluninni...



Frá Bókasafni Hrunamanna.

Nú eru komnar margar nýjar bækur á bókasafnið.

| | |
|--|---------------------------------------|
| Í flokki barna- og unglingsbóka má meðal annars nefna: | |
| Fíasól i hosiló | Höfundur: Kristín Helga Gunnarsdóttir |
| Mamma er best | Höfundur: Björk Bjarkadóttir |
| Ríkey ráðagóða | Höfundur: Eyrún Ingadóttir |
| Vetrarvíg | Höfundur: Embla Ýr Bárudóttir |
| Gæsaúð 9: Gerviaugað | Höfundur: Helgi Jónsson. |
| Draumur marglyttunnar | Höfundur: Herdís Egilsdóttir |
| Gott kvöld | Höfundur: Áslaug Jónsdóttir |
| Artemis Fowl: Blekkingin | Höfundur: Eoin Colfer |
| Ávítaratákníð | Höfundur: Lene Kaaberbol |
| Eragon | Höfundur: Christopher Paolini |
| Harry Potter og Blendingsprinsinn | Höfundur: J.K. Rowling. |

Og Dagbók Prinsessu, Börn lampans, Einhyrningurinn minn: Undarlegir atburðir, Eltingaleikurinn: Leitinn að Vermeer, Frankenstein, Kaffeinn Ofurbrók og líftæknilega horskrímlið, Hænur eru hermíkrákur og fleiri og fleiri skemmtilegar bækur.

| | |
|--|--|
| Í flokki skáldsagna má meðal annars nefna: | |
| Afturelding | Höfundur: Viktor Arnar Ingólfsson |
| Argóarflísinn | Höfundur: Sjón |
| Hrafninn | Höfundur: Vilborg Davíðsdóttir |
| Vetrarborgin | Höfundur: Arnaldur Indriðason |
| Í fylgd með fullorðnum steinsdóttir | Höfundur: Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir |
| Rokland | Höfundur: Hallgrímur Helgason |
| Sólskinshestur | Höfundur: Steinunn Sigurðardóttir |
| Tími nornarinnar | Höfundur: Árni Þórarinnsson |

Við óskum sveitungum okkar gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.



Pökkum árið sem er að líða Starfsfólk Hótels Flúða. Útlaginn og Flúða Taxi óska viðskiptavinum sínum gleði-

Þrjár ferðir á dag

Reykjavík - Selfoss - Reykjavík

Nú hafa Landflutningar-Samskip aukið þjónustu og fjölgað ferðum á milli Selfoss og Reykjavíkur

Frá Reykjavík *virka daga* kl. 9:30 13:30 17:00
(nema föstudaga kl. 16:00)

Frá Selfossi *virka daga* kl. 7:00 9:00 13:00

Aðrar ferðir

Reykjavík - Árnessýsla kl. 12:00
Flúðir - Reykjavík kl. 12:00




legra jóla og farsældar á nýju ári. Pökkum viðskiptin á árinu. Jóladagskráin og skatan verða á sínum stað. Nánar auglýst síðar



**Björgunarfélagið Eyvindur sendir öllum Hrúna-
mönnum og nærsveitungum óskir um
gleðileg jól og gæfuríkt komandi ár
Með von um að árið 2006 verði slysa-
laust ár.**




**Jólatrésala Björgunarfélagsins Eyvindar
verður í húsi félagsins
laugardaginn 17. desember frá kl 14:00 til
20:00 og sunnudaginn 18. desember frá kl
14:00 til 17:00**



**Verðum með allar helstu tegundir af trjám eins og
undanfarin ár.
Vonumst við til að sem flestir komi og kaupir sér tré
og styrki með því gott málefni.**

**Flugeldamarkaður
Flugeldasala Björgunarfélagsins Ey-
vindar hefst
28. desember 2005 í húsi félagsins.
Nánar aulýst síðar**



**Flugeldasýning 6. janúar 2006
Eins og síðastliðin ár stefnir Björgunarfélagið Ey-
vindur á að setja upp flugeldasýningu.
Fyrirtæki og einstaklingar hafa á hverju
ári gefið það efni sem fer í sýninguna svo að hún
verði sem glæsilegust, vonumst við til að það verði
eins á þessu ári**

Og fleiri áhugaverðar skáldsögur eftir íslenska og erlenda höf-
unda.

Einnig bækur almenns efnis, Jörðin, Játningar Láru miðils, Gu-
inness heimsmetabók 2006,
John Lennon, Fiskur!, Með lífið að láni og fleiri fallegar og fróð-
legar bækur.

Nýjustu tímaritin, Vikan, Mannlíf, Gestgjafinn, Hús & Híbýli og
Lifandi Vísindi.
Og hinar vinsælu Disney-syrpur og Galdrastelpu-blöð.
Í bókasafninu má finna frið og ró frá amstri dagsins.



Heitt á könnunni.

Vinsamlegast munið að skila bókum ef einhverjar finnast í jólatil-
tektinni.

Opnunartími:

| | |
|--------------|-----------|
| Mánudagar | Kl. 20-21 |
| Þriðjudagar | Kl. 16-18 |
| Miðvikudagar | Kl. 16-18 |
| Fimmtudagar | Kl. 16-18 |

Sími : 486 6708
Netfang: bokasafn@fludir.is

Sjáumst í bókasafninu!



Körfuboltafréttir



Í haust hafa körfuboltaíðkendur staðið í ströngu eins og venjulega. Liðin okkar hafa keppt í Íslandsmótum vítt og breitt um landið í vetur og heimsótt Hellu, Þorlákshöfn, Reykjavík, Garðabæ, Kópavog, Keflavík, Njarðvík, Borganes, Hvammstanga, Vestmannaeyjar, Varmahlíð, Sauðárkrók, Laugarvatn og Akureyri. Nú í desember er örlítil stund milli stríða og því nota körfuboltaheftjurnar tímann til að sleikja sárin og slípa sverðin fyrir næstu leikið. Eftir áramót heldur baráttan áfram og að sjálfsögðu stefnum við Hrunamenn hátt. Í vetur eru 10 lið skráð til leiks í Íslandsmótum frá okkar „litla“ félagi, fimm kvennaflokkar og fimm karlaflokkar. Hingað til hafa stelpurnar svo sannarlega gert það gott. Kvennaliðið tekur þátt í 2.deild Íslandsmótsins eins og undanfarin ár og er þar með langyngsta lið deildarinnar. Hin kvennaliðin, þ.e. yngri liðin, munu eftir áramót öll keppa í A-riðli, en það er einstakur árangur hjá okkar stúlkum. Drengirnir hafa líka gert góða hluti og t.a.m. hafa drengirnir í 7. og 8. flokki unnið flesta sína leiki. Strákarnir í 9. og 10. flokki hafa lent í ýmsum skakkaföllum, en þeir gefast ekki upp þótt á móti blási og eru staðráðnir í að gera mun betur.

Bikarkeppni

Í vetur munu Hrunamenn taka þátt í bikarkeppni KKÍ í mfl. kvenna, 10.fl.karla og 10.fl. kvenna. Ekki er búið að draga hjá konunum, en það verður spennandi að sjá hvort eitthvert 1.deildarliðið mæti í heimsókn til okkar. 10.flokkur kvenna á útleik gegn ÍR í 8-liða úrslitum (leikurinn fer fram í vikunni 2.-9. janúar), á meðan strákarnir sitja hjá í 16-liða úrslitum sín megin og eiga greiða leið í 8-liða úrslit.

Það er ljóst að starf af þeirri stærðargráðu sem körfuknattleiksdeildin stendur í er ekki mögulegt nema að því komi margar hjálpsamar hendur. Akstur, gisting, sjoppuumsjón, þjálfun, dóm-gæsla, ritarastörf, vörutalning, kleinubakstur, jólakortasala og svo mætti lengi telja, er hluti af því sem iðkendur, aðstandendur og aðrir velunnarar deildarinnar standa í. Þessir aðilar eiga allir skilið mikið hrós fyrir sitt framlag. Án starfs þeirra væri ekki hægt að halda úti jafn umfangsmiklu starfi og raun ber vitni. Stelpurnar í minniboltanum seldu jólakort, með eigin teikningum, til fjáröflunar nú í byrjun desember og seldust kortin upp á skömmum tíma.

Þá minnum við á Íslandsmót eftir áramót. Dagsetningar liggja fyrir, en því miður fáum við oft seint að vita hvar mótin eru haldin, en reynum að tilkynna það um leið þær upplýsingar berast. Hér eru dagsetningar móta eftir áramót. Við hvetjum foreldra að mæta sem flest þegar börnin spila hvort sem er á heimavelli eða útivelli.

| | |
|-------------|--|
| 21.-22.jan. | Minnibolti kvenna |
| 11.-12.feb. | 9.flokkur karla og 8.flokkur kvenna |
| 25.-26.feb. | 10.flokkur karla, 10.flokkur kvenna og 7.flokkur karla |
| 4.-5.mars | 9.flokkur kvenna, 8.flokkur karla og minnibolti kvenna |

Aðeins þau lið sem enda í A-riðli að þessum umferðum loknum munu keppa meira í vetur.

Að lokum óskar Körfuknattleiksdeildin öllum Hrunamönnum sem og Skeið- Gnúpverjum, sem er alltaf að fjölga í körfunni, gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.